

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



<b>Dags eftirlits</b>	1.10.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Malbikunarstöð Akureyrar	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4101696229	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hrafn Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón S. Hansen	<b>Staðsetning</b>	539861,247 575194,992

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á mælingum á olíu í fráveituvatni. Fjórar ábendingar voru gerðar er varða viðbragðsáætlun, skráningar vegna úrgangs, staðfestingu á tryggingu og olíublettis við ollúskilju. Eitt eldra frávik er varðar magn kolmónoxíðs í útblæstri helst opið.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar og mælingar (gr. 4.1, 4.2 og 4.3)
3. Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.5 og 2.7)
4. Tryggingar (gr. 2.8)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum malbikunarstöðvarinnar við Súluveg, að loknum fundi var farið í skoðunarferð um malbikunarstöðina og að bikgeymi á hafnarkanti við Skipatanga.

Rætt var stuttlega um umfang starfseminnar en heimilt er að framleiða allt að 40 tn/klst í stöðinni og reka 1400 m3 bikgeymi.

Farið var yfir skráningar, sbr. gr. 4.1-4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili lagði fram skráningablöð vegna viðhalds og eftirlits. Engin mengunaróhöpp hafa orðið eða kvartanir vegna starfseminnar. Skráningar yfir magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu eða endurnýtingar fer í gegnum skráningarkerfi hjá Umhverfismiðstöð Akureyrarbæjar sem malbikunarstöðin heyrir undir. Lítið magn úrgangs fer beint frá malbikunarstöðinni í móttökustöð og var rætt um á fundinum að rekstraraðili myndi bæta við einu skráningarblaði hjá sér varðandi þann úrgang. Olía hefur verið mæld í fráveitu árlega en niðurstöður mælinga fyrir árið 2018 virðast ekki hafa borist til Umhverfisstofnunar.

Mælingar á útblæstri hafa ekki verið framkvæmdar í ár. Magn kolmónoxíðs hefur verið yfir losunarmörkum í útblástursmælingum 2017 og 2018.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa og í því samhengi skoðuð viðbragðsáætlun rekstraraðila vegna mögulegra mengunaróhappa. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á.

Rætt var um tryggingar, sbr. gr. 2.8 í starfsleyfi, en rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða aðra fullnægjandi tryggingu vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda.

Farið var yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu. Tvö frávik komu fram í eftirliti 2018 er varða rykmagn og magn kolmónoxíðs í útblæstri og akstursleiðir voru ekki lagðar bundnu slitlagi líkt og krafa er um í starfsleyfinu. Við eftirlit nú var staðfest að akstursleiðir hafa verið lagðar bundnu slitlagi og telst því frávik þvi lokið. Hvað varðar rykmagn og kolmónoxíð í útblæstri þá var rykmagn innan losunarmarka við mælingu 2018 en kolmónoxíð er hinsvegar enn yfir losunarmörkum og helst það frávik þvi opið.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni vettvangsheimsóknna á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og hyggst áhættumeta starfsemina samhliða vettvangsheimsóknnum á árinu. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Farið var í skoðunarferð um malbikunarstöðina og að bikgeymi á hafnarkantinum við Skípatanga. Bæði svæði eru snyrtileg og skípulögð og akstursleiðir hafa verið malbikaðar á athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar. Rétt við olíuskilju var blettur í jarðvegi sem mögulega gæti verið olía og er rekstraraðila bent á að kanna uppruna hans og huga að hreinsun.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 4.2 í starfsleyfi

Niðurstöður mælinga á olíu í fráveituvatni fyrir árið 2018 hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

#### ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.
2. Rekstraraðila var bent á að bæta skráningar vegna úrgangs sem fer beint frá malbikunarstöðinni til móttökustöðvar fyrir úrgang.
3. Rekstraraðila var bent á að senda staðfestingu á tryggingu vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda til stofnunarinnar.
4. Rekstraraðila var bent á að kanna uppruna mögulegs olíublests við olíuskilju og huga að hreins.


#### ANNAD

Einnig var viðstaddur eftirlitið frá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra Alfreð Schiöth.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.11.2019



Sigríður Magnúsdóttir